

Sumarlestrar átak hugmynd af verkefni, beiðni um styrk.

Til : Dalir <dalir@dalir.is>;Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>;Leikskólinn Búðardal <herdis@audarskoli.is>;Bókasafn Dalabyggð <bokasafn@dalir.is>;Jóhanna María Sigmundsdóttir <johanna@dalir.is>

Frá : Stefanía Björg Jónsdóttir <stefaniabjorg87@gmail.com>

Heiti : Sumarlestrar átak hugmynd af verkefni, beiðni um styrk.

Málsnúmer : 2206006

Málsaðili : Stefanía Björg Jónsdóttir

Skráð dags : 05.06.2022 18:26:56

Höfundur : Stefanía Björg Jónsdóttir <stefaniabjorg87@gmail.com>

Góðan daginn

Mig langar að kanna hvort það sé áhugi hjá Dalabyggð (bókasafnið) og Auðarskóla að koma með mér í lestrarátak með því að styrkja verkefnið sem ég er með hugmynd af fyrir börn í Dalabyggð.

Þetta verkefni hefur verið vinsælt í nokkrum bæjarfélögum um landið og reynst vel.

Markmið verkefnisins er að hvetja börn á grunnskóla aldri til að lesa meira yfir sumartímann. Hjá þeim sveitafélögum sem ég hef skoðað hefur verkefnið verið fyrir aldurshópin 5 til 12 ára. Hægt væri að bæta eldri aldurshóp við sem myndi fá meiri kröfur (þyrftu að lesa meira).

Verkefnið hljómar svona: Ef barn les 3 bækur þá skráir það sig á tiltekið skráningar form, barnið fengi tölvupóst (til foreldra) með happdrættismiða dregið yrði út vikulega.

Ákveðið yrði tímarammi upphaf og endir (t.d er Kópavogsbær með daganna 24. Maí til 22. Ágúst, bókasafnið hefur haldið utan um verkefnið hjá þeim) þar sem við værum að byrja seinna þetta árið þá mögulega júlí til ágúst, ef til þess kemur að sveitafélagið er opið fyrir því að styrkja þetta verkefni með verðlaunum ásamt frétt með hlekk til að skrá sig á vefsíðu dalabyggðar í samvinnu við foreldra.

Hægt er að sjá sambærilegt verkefni hér;

https://sumarlestur.is/?fbclid=IwAR2X5rXxbLCHiqSWDKUmnSX_hizRFVCe0dzvXXSvU2bMIC_uBHXC5dqzuak&fs=e&s=cI

Hugmyndin er að nemendur 5 til 12 ára í Auðarskóla skrá sig í sumarlestur. Svo fyrir hverja þrjár bækur sem nemandi les í samvinnu við foreldri fær hann einn happdrættismiða. Því fleiri bækur því meiri vinningslíkur.

Með þessu er ég sannfærð um að við sem samfélag getum aukið áhuga á yndislestur og gætum einnig haldið uppi lestrarhraða barna eftir sumarið. Stuðlað að því að lesturinn verði ekki lakari eftir sumarið eins og virðist oft gerast.

Það mætti prófa þetta sem tilraunaverkefni og ef vel gengur væri hægt að kanna þetta aftur næsta sumar.

Ég er boðin og búin að halda utan um þetta verkefni í sjálfboðavinnu ef ég fæ aðstoð frá sveitafélaginu með verðlaun og frétt inná dalir.is - Skráningarform yrði sett upp inná windows forms, þar sem hver og einn skráir þáttöku sína og svo væri annar hlekkur fyrir bókasráningu sem barnið les. Foreldrar setja inn netfang og eiga von á að fá happdrættis númer sent í tölvupósti. Allir sem taka þátt fá þáttöku verðlaun (bók og viðurkenningarskjal) sem yrði afhend á uppskeruhátíð eða eh í þá áttina, sem væri hægt að halda í samvinnu við bókasafnið og/eða skólann.

Mögulegur kostnaður;

Ef við drögum vikulega yrði bóka gjöf ein bók á hvorn aldurshópur 1; 5 til 12 ára og aldurshópur 2; 13 til 16 ára. Kostnaður um það bil 60.000kr (14 stk verðlaun, bóka gjöf)

Ef við myndum afhenda viðurkenningarskjal og bóka gjöf í lokin fyrir þáttöku.

Ef öll börn í Dalabyggð myndi taka þátt yrði kostnaðurinn um það bil 340.000kr

Samtals yrði efniskostnaður verkefnisins um það bil 400.000kr

Væri gaman að geta unnið þetta í samvinnu og aukið lestra ánægju barna í Dalabyggð þar sem lestur er undirstaða náms.

Með bestu kveðju

Stefanía Björg Jónsdóttir